Nd. **715. Nefndarálit**

um frumv. til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Jörðin Húsavík er ein af þeim, sem sérstaka lagaheimild þarf til að selja samkvæmt 2. gr. laga frá 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, sem og 2. gr. í lögum frá 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða, að því er til þeirra tekur. Þingið hefir því í þessum almennu sölulögum viljað hafa allan fyrirvara um sölu á þeim fasteignum, er væri alþjóðareign og kauptún stæði á. Á þeim tímum, þegar þjóðjarðir voru að eins seldar með sérstakri lagaheimild, hefir og þingið gætt hinnar sömu varygðar og verið fast fyrir um sölu slíkra jarða, ef beiðzt var kaups á þeim, og það jafnvel þó að kauptúnin sjálf ætti hlut að máli. Árið 1901 var á alþingi farið fram á að jörðin Sauðá í Skagafirði, sem er gömul eign Reynistaðaklausturs, væri seld hreppsnefndinni í Sauðárhreppi. En um það var synjað,

enda þótti þá og forkaupsréttur leiguliða standa fyrir þeirri sölu (Alþ.tíð. 1901, C. 32, 52, 155).

Hér er það nú svo, að prestur hefir að sínu leyti samþykt sölu þá á Húsavík, sem hér um greinir, og í nefndinni hefir frá því verið skýrt að forkaupsréttur leiguliðans á Þorvaldsstöðum geti ekki verið til fyrirstöðu, því að ábúandinn sé á sveit. Og í heild sinni sýnast gögn öll um sölu þessara jarða vera í því lagi, að ekki sé af þeirri álfunni neitt sérlega athugavert.

Hitt er hins vegar umtalsmál, hvort þingið eigi að víkja að því ráði að láta falar þjóðjarðir og kirkjujarðir þær, sem kauptún eru á, jafnt sem aðrar jarðir, þegar kauptúnin sjálf eiga í hlut. Þó að ýmsir í nefndinni sé mótfallnir kirkju og þjóðjarðasölu í heild sinni, kannast þeir þó við það, að nú þegar sé búið hin síðustu ár að selja svo margt af hinum helztu af þessum jörðum, að vafasamt sé, hvort ekki sé, úr því sem komið er, ljáandi máls á því að selja einnig, þegar sérstaklega stendur á, þær jarðir, er fyrgreind lög hafa haft fyrirvara um. Nefndin hefir því horfið þar öll að einu ráði, að leggja ekki á móti því, að jarðir þessar verði seldar á þann hátt sem frumvarpið fer fram á, því að það þykir einsætt, að kauptúninu á Húsavík sé kaupin áríðandi, en verðið þó eftir atvikum jafnframt viðsæmandi fyrir seljanda.

Að eins leggjum vér til, að fyrir orðin »túni og húsum« í fyrstu málsgrein frumvarpsins komi: túni, húsum og sex kúgildum staðarins.

Neðri deild alþingis, 21. apríl 1911.

Björn Sigfússon, formaður.	Jón Þorkelsson, skrifari.	Pétur Jónsson, framsögum.
Eggert Pálsson.	Hálfdán Guðjónsson.	Benedikt Sveinsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.